



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Stykkishólmur, 19. september 2023
MÍ202309-0061/ 6.09 / M.A.S.

Efni: Vesturbyggð. Deiliskipulag frístundarbyggðar í Vesturbotni, uppfærsla

Með tölvupósti, dagsettum 8. ágúst 2023, óskaði Vesturbyggð eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag frístundarbyggðar í Vesturbotni, nr. 0467/2023. Deiliskipulagið nær yfir hluta jarðarinnar Vesturbotni í Vesturbyggð. Deiliskipulagið er 131 ha að stærð og nær yfir 24 frístundalóðir og golfvöll.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Undirritaður veitti umsögn þann 19. september 2023 þar sem hann fór framá að skráðar minjar yrðu settar inná deiliskipulagsupprátt, og hann í kjölfariðið sendur til Minjastofnunar Íslands til umsagnar.

Nú hefur uppfærður uppráttur borist til Minjastofnunar Íslands, og hefur hún ekki frekari athugasemdir við þetta skipulag!

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafri slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.